# **Keflavík** *íþrótta- og ungmennafélag*

623. stjórnafundur þriðjudaginn 4. júní 2024 kl 17:00

Mættir: Björg Hafsteinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Garðar Örn Arnarson, Þröstur Leó Jóhannsson, Jónína Steinunn Helgadóttir, Stefán Guðjónsson og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri. Einnig sátu fundinn Hjördís Baldursdóttir íþróttastjóri og Guðbjörg Björnsdóttir fjármálastjóri.

1. **Fundargerð síðasta fundar**
   Fundargerð samþykkt.

2. **Innkomin bréf**
   Fréttabréf UMFÍ og KSÍ.
   Fundargerð knattspyrnudeildar.
   Fundargerð BUR knattspyrna.
   Póstur frá Billboard vegna auglýsinga. Gunnar hjá Billboard er búinn að senda okkur tilboð í auglýsingar á skiltunum.
   Boðsbréf á setningu Landsmóts UMFÍ 50+ sem verður föstudaginn 7. júní kl. 18:30.
   Lottógreiðslur frá UMFÍ. Reglugerðabreytingar varðandi lottógreiðslur til sambandsaðila munu taka gildi frá og með 1. júlí 2024. Ákveðið að framkvæmdastjóri kanni þetta betur því starfsfólk á vegum ÍSÍ hefur ekki hafið störf.
   Litla sporthúsið. Beiðni um kaup á áhöldum. Framkvæmdastjóra falið að kanna kostnað.
   Fundargerð fimleikadeildar og fleiri erindi.
   Bréf frá BUR knattspyrnu vegna hækkunar á æfingagjöldum.
   Bréf frá FS varðandi leigu á Litla sporthúsinu. FS óskar eftir að fá lyftingasalinn leigðan fyrir 6 staðlotur fyrir áramót.

3. **Send bréf**
   Ýmsir tölvupóstar sendir á deildir félagsins.
   Erindi körfuknattleiksdeildar vegna kaupa á stúku. Bréf sent á Hafþór Barða Birgisson hjá Reykjanesbæ.
   Erindi fimleikadeildar vegna áframhaldandi samnings með umsjón í Akademíunni. Bréf sent á Hafþór Barða Birgisson hjá Reykjanesbæ.
   Erindi fimleikadeildar vegna kaupa á gólfmottum. Bréf sent á Hafþór Barða Birgisson hjá Reykjanesbæ.

Þakkarerindi fimleikadeildar vegna kaupa á búnaði. Erindi sent á Hafþór Barða Birgisson hjá Reykjanesbæ.

**4. Önnur mál**

A Litahlaup Keflavíkur 15. júní kl. 13:00. Verðandi 9. flokkur karla og kvenna í körfunni mun taka að sér umsjón með hlaupinu.

B Þorrablót Keflavíkur. Þröstur fór yfir undirbúning o.fl. Umræða um að starfsfólk félagsins komi meira að vinnu við blótið. Framkvæmdastjóra er falið að ræða við nefndina.

C Keflavíkurfatnaður. Umræða um Keflavíkurpeysur fyrir starfsfólk.

D KKÍ með vorfund í VIP laugardaginn 8. júní.

E Fyrsti fundur á morgun vegna framtíðar íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar.

F Fjáraflanir yngri flokka. Rætt um reglur varðandi fjáraflanir, deildir þurfa að fylgja þeim eftir. Flokkum er bara heimilt að safna fyrir upphæð ferða/móta. Framkvæmdastjóra falið að árétta þetta við deildir.

G Umræða um gervigrasið í Reykjaneshöll. Staðan er sú að Reykjanesbær er að fá tilboð í nýtt gervigras.

H Guðbjörg fór yfir hvernig gengur með bókhald félagsins/deilda.

I Hjördís sagði frá námskeiðum í sumar.

J Formaður fór með blóm til Íslandsmeistara Vals í körfuknattleik.

K Þetta var síðasti fundur Þrastar í aðalstjórn. Hann er að flytja á Akureyri. Honum þakkað fyrir hans störf.

Fundi lokið kl. 20:30
Næsti fundur verður í ágúst. Formaður boðar til fundar.
Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir